

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

27. fundur Stjórnar B.S. bs. haldinn þriðjudaginn 13. febrúar 2018

kl. 08:15 í fundarsal Brunavarna Suðurnesja b.s í slökkvistöðinni í Sandgerði.

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Gísli Heiðarsson, Jóhann S. Sigurbergsson, Sigrún Árnadóttir, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður.

Fundargerð

Formaður setur fundinn.

1. Húsnæðismál.

Lagðar fram teikningar af fyrirhugaðri slökkvistöð við Flugvelli 29. Gert er ráð fyrir að útböð fari fram fyrir lok febrúar og að því ljúki í lok mars. Stjórnarformanni og slökkviliðsstjóra falið að kanna með fjármögnun byggingarinnar og leggja fyrir næsta stjórnarfund.

2. Fjármál.

Rekstur er samkvæmt fjárhagsáætlun og lausafjárstaða góð. Uppgjör við lífeyrissjóðinn Brú er frágengið.

3. Skýrsla slökkviliðsstjóra.

Gert er ráð fyrir að aðalfundur Brunavarna Suðurnesja bs verði haldinn um miðjan apríl.

Tvö námskeið eru nú í gangi hjá BS (atvinnuslökkviliðsmenn og sjúkraflutningar) og fer kennslan fram í gegnum fjarbúnað en verkleg kennsla fer fram á æfingasvæði BS.

4. Önnur mál.

Engin mál.

Fundi slitið kl. 09:30